

## Atvinnubæturnar og hakakrossinn.

Aðal atvinnubæturnar, sem unnar hafa verið hér í bænum er það, að nokkrir menn hafa verið fengnir til að vakta blóðfána þýzku stjórnarinnar gegn réttlátri reiði verkalyðsins.

Frekar hefir gengið erfitt að fá verkamenn til þess, og hefir fógétinn gengið svo langt að hann hefir hreint og beint neitt menn til þess. T. d. hefur það komið fyrir að verkamenn, sem neituðu í fyrstu að fara, var skipað að gera það í nafni laganna, eins og þeir orða það.

Í Reykjavík þykist Framsókn berjast á móti fasisma, á Siglufirði fær Framsóknarmaðurinn Sophus Blöndal lögregluvernd til að standa vörð yfir fasistafánanum og fógétinn neyðir verkamenn til verksins.

En hver borgar þetta? Er það Hitler? Það er ekki líklegt, þar sem þýzka stjórnin er að hætta að geta greitt nokkuð.

Eða er það ríkið og bærinn? Ef svo, mundi margur telja því fé betur varið fyrir þjóðina á einhvern annan hátt.

Nei verkamenn, látið ekki yfirstéttina bafa ykkur til þess að gera fasismanum hægra fyrir að ryðja sér braut. Skerpið heldur baráttuna á móti honum, svo þið þurfið ekki að lifa þær hörmungar, sem þýzki verkalyðurinn hefur mátt búa við nú upp á síðkastið. Standið ekki fleiri vaktir þó fógétinn láti lesa yfir ykkur einhver lög, sem yfirstéttin hefur sjálf búið til. Herðið baráttuna fyrir minnst 50 manns í atvinnu. Standið allir saman sem einn, þá er sigurinn vis, og skref stigið í áttina til fullnaðarsigurs verkalyðsins yfir auðvaldi og fasisma.

J. S.

allt gegn árásum auðvalds og Fasisma.

Undirbúningur til að beita samtakamætti verkalyðsins utan þings til þess að knýja fram kröfur hans með mótmælafundum, kröfugöngum og verkföllum.

Eg tel nú rétt að athuga framkomu Alþýðuflokksbroddanna í ljósi þeirra eigin verka í þeim hagsbóta-kröfum sem talað er um í samfylk-

## ÚTSVARSSKRÁIN.

Skrá yfir aðalniðurjöfnun útsvara í Siglufjarðarkaupstað fyrir árið 1934, liggur frammi — almenningi til sýnis — á skrifstofu bæjargjaldkera næstu tvær vikur.

Kærur yfir niðurjöfnuninni skulu komnar til formanns nefndarinnar, Friðbjörns Nielssonar, fyrir kl. 12 á hádegi sunnudaginn 13. maí n. k.

Siglufirði, 28 apríl 1934.

Niðurjöfnunarnefndin.

## Alþingiskjörskrá

Siglufjarðar, til næstu alþingiskosninga liggur frammi almenningi til sýnis í sölubúð Kaupfélags Siglufirðinga. Rökstuddar kærur um að einhver sé vantalinn eða oftalinn á kjörskrá verða að vera afhentar á bæjarfógetaskrifstofuna fyrir hádegi 3. júní n. k., ella má ekki taka kærurnar til greina. Athugið, að engin aukakjörskrá verður nú samin.

Skrifstofu Siglufjarðar 5. apríl 1934.

G. Hannesson.

## Leiðrétting.

Í auglýstum Kauptaxta Verkamannafélagsins hafa komið fram eftirfarandi villur sem menn eru vinsamlega beðnir að athuga.

1. Skipavinna kr. 2,00, á að vera: Skipaefstirvinna kr. 2,00 á kl.st.

2. Bæjarvinnutaxtin: Dagvinna kr. 1,50, á að vera: Dagvinna kr. 1,56

3. Sömuleiðis á að standa: Að við sildarverksmiðju ríkisins gildi sérstakur samningur sem er samhljóða kauptaxta Verkamannafél. nema í því að helgidagstimabilið reiknast 24 tímar gegn því að mönnum sé tryggð minnst tveggja mánaða vinna.

## Stjórnin og Kauptaxtanefndin.

ingartilboðinu.

1. Barátta þeirra móti Fasisma og Ríkislögreglu hefir verið þannig að þeir hjálpuðu Fasistum í Rvík að slá niður verkamennina sem neituðu að vinna við Hakakrossskipið Diönu, og Héðinn Valdimarsson lýsti því yfir að „Dagsbrún“ myndi ekki setja neitt verkban á skipið og hvatti verkalyðinn í Rvík til þess að afgreiða það undir lögregluvernd og hvítliða og Fasista.

## Útvarpsnotendur.

Peir, er óska vilja aðstoðar nefndar þeirrar, er kosin hefir verið af bæjarstjórn til þess að leitast fyrir um sölumöguleika á jafnstraumstækjum þeim, sem verða ónothæf vegna straumbreytingar rafveitunnar snúi sér til hr. A. Hafliðasonar og gefi honum upp nr. tækjanna gerð og kaupdag. Upplýsingar þessar verða að vera komnar í síðasta lagi 14. maí n.k., því ella má búast við að ekki verði hægt að aðstoða menn í þessu máli.

NEFNDIN.

Hér á Siglufirði hvöttu broddarnir verkamenn úr Jafnaðarmannafélaginu til að standa vörð um Hakakrossinn þegar þýski konsúllinn flaggði með honum.

Alþýðublaðið, Alþýðumaðurinn og Neisti hafa reynt eftir beztu getu að draga úr allri baráttu verkalyðsins á móti þessu morðtákn Fasismans og Fasismanum yfirleitt.

Í Ríkislögreglumálinu var fram-